

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri OR
Dagsetning: 13. september 2018
Efni: **Staða mála í Heiðmörk, skipulag, vatnsvernd og fleira SF 263**

Á stjórnarfundum OR þann 21. júní 2018 var bókað:

„Lagt fram minnisblað umhverfisstjóra OR, dags. 21. júní 2018, þar sem m.a. var gerð grein fyrir stöðu tveggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“. Stjórn óskar eftir að á septemberfundum verði kynnt staða mála í Heiðmörk, t.a.m. um skipulag, vatnsvernd og fleira.“

Heiðmörk og jörðin Elliðavatn, sem er í eigu OR, geyma vatnstökusvæði Veitna fyrir höfuðborgarsvæðið og hefur vatnsvinnslan byggst alfarið á nýtingu ómeðhöndlaðs grunnvatns. Vatnsvernd er afmörkuð utan um vatnsbólin; afgirt brunnsvæði, grannsvæði, fjarsvæði og öryggissvæði afmörkuð í skipulagi. Starfsemi í Heiðmörk:

- Vatnsvinnsla hefur verið í Gvendarbrunnum í rúma öld og Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur stundað skógrækt í rúmlega hálfu öld
- Reykjavíkurborg, OR og skógræktarfélagið hafa gert þjónustusamning. Sameiginlegt markmið er að standa vörð um neysluvatnsauðlindina, efla og bæta útivistarsvæði borgarbúa

Hættur steðja að neysluvatni í Heiðmörk einkum vegna mikillar umferðar vélknúinna ökutækja um vegi á vatnsverndarsvæðinu. Byggð hefur færst nær, svæðið er vinsælt til útivistar, ferðafólki hefur fjölgað og þar er ýmiss konar starfsemi. Áform um framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu og í nágrenni við það valda OR og dótturfélögum verulegum áhyggjum. Það þrengir að vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Mikil sérfræðiþekking er hjá Veitum og OR um vatnsauðlindina og rekstur vatnsveitunnar:

- Fjöldi borhola er á vatnsverndarsvæðinu sem fyrirtækin hafa vaktað árum saman
- Settur hefur verið aukinn kraftur í rannsóknir á Heiðmerkursvæðinu
- Í mörg ár hefur verið starfað eftir leiðbeiningum um framkvæmdir án grunnvatnsmengunar sem gefnar eru út í samráði við heilbrigðiseftirlit á höfuðborgarsvæðinu og eftirlitsmaður Veitna fylgist með vatnsverndarsvæðinu og flutningi á olíu og öðrum varasömum efnum til að draga úr hættu á mengunarslysum

Veitur og OR hafa undanfarin ár vakið athygli á mikilvægi vatnsverndar í umsögnum um skipulagsáætlanir á höfuðborgarsvæðinu. Aðalskipulag Reykjavíkur virðist eitt sveitarfélaganna hafa skýr markmið um hagsmuni innan vatnsverndarsvæðisins og taka skýrt undir ágæta stefnu í þessa veru í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

- Veitur telja það mikinn ávinning fyrir vatnsvernd ef önnur sveitarfélög settu einnig fram sambærileg markmið í skipulagsáætlanir og fram koma í svæðisskipulaginu
- Í umfjöllun um opin svæði er Heiðmerkur einkum getið sem útivistarsvæðis en ekki sem vatnstöku- og vatnsverndarsvæðis. Veitur telja þetta áhyggjuefni því verndun vatnsbóla þarf að vera í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun; útivist á vatnsverndarsvæðum þarf að vera í öðru sæti

Framtíðarsýn Veitna er sú að neysluvatn sé alltaf hreint. Vatnsvernd er því í forgangi þannig að komandi kynslóðir geti notið þeirra náttúrugæða sem heilnæmt vatn er.

Hlutverk Veitna

Í þéttbýli skulu sveitarfélög samkvæmt lögum¹ starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja eftir því sem kostur er. OR og dótturfélög stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu². OR er heimilt að framselja til dótturfélags einkarétt til starfrækslu vatnsveitu enda uppfylli dótturfélögin skilyrði laga til að fara með þau leyfi³.

- OR hefur framselt einkarétt til starfrækslu vatnsveitu til Veitna

Stefna og markmið OR samstæðunnar um verndun neysluvatns. Í umhverfis- og auðlindastefnu kemur fram að fyrirtækjunum er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem þau ráða fyrir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, þannig að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. Fyrirtækin munu verja neysluvatnsauðlindina fyrir hættum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem þeim er falin.

Heildarstefna Veitna um framtíðarsýn vatnsveitu. Veitur hafa nýlega endurnýjað heildarstefnu sína um framtíðarsýn vatnsveitu. Hún er eftirfarandi:

- Hreint vatn - alltaf
 - Vatnsvernd ofar öllu
 - Sjálfbær nýting auðlindar
 - Í fararbroddi í vatnsverndarmálum
 - Öryggi vatnsverndarsvæða ávallt tryggt
 - Tryggur forði til framtíðar
 - Trygg vatnsöflunarréttindi til framtíðar
 - Öruggt og hagkvæmt dreifikerfi
 - Lágmarka sóun
 - Dreifa ávallt hreinu heilnæmu vatni

Það er ekki hægt að innkalla neysluvatn eins og gallaða vöru. Því vinna Veitur og OR markvisst að fyrirbyggjandi eftirliti, vöktun og forvörnum:

- Sýni eru tekin reglulega til örveru- og efnagreininga
- Áhættubættir eru greindir í dreifikerfinu
- Starfsmaður Veitna sinnir daglegu eftirliti í Heiðmörk
- Til að lágmarka örverumengun er ekki dælt úr holum í Gvendarbrunnum frá október til mars þegar hættu er á hláku
- Tilkynningum er sinnt um þörf á viðgerðum og úrbótum
- Ríkar kröfur eru gerðar til verktaka í útboðsgögnum um áhættumat, mengunarvarnir og umgengni vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðum
- Umhverfisnámskeið eru haldin fyrir verktaka þar sem farið er yfir mengunarhættu og reglur um umgengni vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæðum
- Náið eftirlit er haft með framkvæmdum Veitna á vatnsverndarsvæðinu og framkvæmdum annarra eftir því sem tók eru á
- Samráð er við umhverfisyrifvöld, leyfisveitendur, eigendur og aðra hagsmunaaðila um framkvæmdir og annað sem varðar gæði neysluvatns

Hættur sem steðja að neysluvatni í Heiðmörk eru fjölmargar þær helstu eru:

1. Landnotkun á og við vatnsverndarsvæðið:
 - Byggð stækkar á höfuðborgarsvæðinu og íbúum fjölgar

¹ Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga - 1. mgr. 1. gr.

² Lög nr. 2013/136 um Orkuveitu Reykjavíkur 2. mgr. 2. gr.

³ Lög nr. 2013/136 um Orkuveitu Reykjavíkur 4. mgr. 2. gr.

- Vegir í Heiðmörk hafa engan veghaldara, eru opnir allt árið og umferð er mikil
 - Suðurlandsvegur, með mikilli umferð fólks- og þungaflutningabíla, liggur um öryggissvæði og fjarsvæði vatnsverndar
 - Bláfjallavegur þverar vatnsverndarsvæði milli Suðurlandsvegur og Krýsuvíkurvegur
 - Frístundabyggð er á jörðinni Elliðavatni og annars staðar í Heiðmörk
 - Útvist er vinsæl og meðfylgjandi umferð ökutækja, hjólríða-, hesta-, gönguskíða- og gangandi fólks. Skíðasvæði eru í Bláfjöllum
 - Ferðafólki fjölgar mikið með tilheyrandi umferð um Suðurlandsveg og Bláfjallaveg
 - Áfangastaður ferðafólks er í Þríhnúkagíg og norðurljósaferðir í Heiðmörk og Bláfjöll
 - Háspennulínur liggja um vatnsverndarsvæðið
 - Æfingaflugvöllur er á Sandskeiði á fjarsvæði vatnsverndar
 - Efnistaka er í Bolaöldum við fjarsvæði vatnsverndar
 - Eldsneytisafgreiðsla er í Litlu Kaffistofunni nærri vatnsverndarsvæðinu
 - Helligheiðarvirkjun er á aðrennslissvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins
2. Loftslagsbreytingar. Líklega mun aukin úrkoma fylgja loftslagsbreytingum og hærri jarðvegshiti sem geta aukið hættu á örverumengun í neysluvatni

Heiðmörk, vatnsvinnsla og skógrækt

Heiðmörk tilheyrir Græna treflinum og er stærsta útivistarsvæðið í nágrenni Reykjavíkur. Landsvæði Heiðmerkur fellur undir Reykjavík, Garðabæ og Kópavog. Heiðmörk geymir vatnsból Veitna, þ.e. Gvendarbrunna, Jaðar, Myllulæk og Vatnsendakrika og er vatn flutt til Reykvíkinga, Seltirninga og Mosfellinga.

- Árið 1909 fengu Reykvíkingar drykkjarvatn úr Gvendarbrunnum
- Árið 1981 hófst vatnsvinnsla við Jaðar, 1982 við Myllulæk og 1996 í Vatnsendakrikum
- Skógræktarfélag Reykjavíkur hóf starfsemi í Heiðmörk fyrir um hálfri öld

Jörðin Elliðavatn í Heiðmörk og skógrækt

OR er eigandi jarðarinnar Elliðavatns, sem geymir vatnsból Veitna.

- Reykjavíkurborg (Rafmagnsveita Reykjavíkur) eignaðist jörðina í áföngum 1923-1928
- Jörðin í rekstri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur
- Eignarhald fært til OR árið 2004
- Skógræktarfélag Reykjavíkur flutti skrifstofu sína í Elliðavatnsbæinn um 1970

Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar, OR og skógræktarfélagsins um Heiðmörk

Reykjavíkurborg, OR og Skógræktarfélag Reykjavíkur hafa gert með sér þjónustusamning þar sem fram kemur:

„Sameiginlegt markmið aðila [...] er að standa vörð um neysluvatnsauðlindina í Heiðmörk, efla og bæta útivistarsvæði Reykvíkinga í Heiðmörk og gera það eftirsóknarverðara til útivistar.“

Greiðslur fyrir þjónustu félagsins eru, samkvæmt samningnum um 83% á hendi Reykjavíkurborgar og um 17% á vegum Veitna vegna vatnsverndar. Þriggja manna samráðshópur starfar samkvæmt samningnum og eiga Reykjavíkurborg, Veitur og Skógræktarfélagið einn fulltrúa hver.

Þjónustusamningurinn kveður á um:

- A. Vatnsvernd. Unnið er að vatnsvernd í samræmi við leiðbeiningar OR. Unnið er að sörp- og skólphreinsun, að umgengisreglur séu virtar, sérstaklega m.t.t. vatnsverndar
- B. Skógur og landsvæði. m.a. skógrækt, grisjun og landgræðsla, vernd náttúruminja og umsjón með störfum sumarvinnuhópa
- C. Útivistarmannvirki. m.a. hönnun, smíði, uppsetning, eftirlit og viðhald stíga, borða, bekkja, sörpkassa, skilta og salerna. Fjölgun áningarstaða og lagning nýrra stíga
- D. Fræðsla. Samstarf um náttúrufræðslu, fræðsla um mannvistarminjar og umhverfismál á svæðinu, þjónusta við landnemafélög, stuðlað að rannsóknum á skógrækt til útivistar

Samþykkt um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan höfuðborgarsvæðisins

Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu falla undir ákvæði samþykktar vatnsverndarsvæða vatnsbóla innan höfuðborgarsvæðisins nr. 555/2015. Markmið samþykktarinnar er að:

„[...] tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar [...] Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti og vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf [...].“

Á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu starfar samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu. Í hópnum eiga sæti formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, formaður framkvæmdastjórnar vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúar frá vatnsveitum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal Veitna.

Skipulagsáætlanir á höfuðborgarsvæðinu, vatnstaka, vatnsvernd og önnur landnotkun

Undanfarin ár hafa OR og Veitur rýnt tillögur að skipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að fá yfirlit yfir:

- Stefnumörkun um vatnsvernd og umfjöllun um hana hjá sveitarfélögunum og hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Sýn þeirra á þróun vatnsverndarsvæðisins, þar á meðal Heiðmerkurhluta svæðisins
- Stefnumarkandi ákvarðanir sem hafa áhrif á vatnsverndarsvæðið

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, Höfuðborgarsvæðið 2040, er lögð áhersla á vatnsvernd og aukið samstarf sveitarfélaga um nýtingu neysluvatns og viðhald vatnsverndar sem tryggir íbúum og atvinnulífi aðgang að hreinu neysluvatni.

Í markmiði 4.4. kemur fram:

„Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð af hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.“

Ennfremur er lögð áhersla á:

- Hættur frá vegum og umferð og að huga þurfi að mengunarvörnum við hönnun og endurgerð vega innan vatnsverndarsvæða til að draga úr líkum á olíumengun
- Hugsa þurfi að viðhaldi og frágangi vega og fjarlægð bílastæða frá brunnsvæðum
- Bent er á hættu vegna raflína á vatnsverndarsvæðum, afmarka skuli mannvirkjabelti fyrir vatnsverndarsvæðin og að innan þess séu öll umfangsmikil mannvirki sem fela í sér mengunarhættu

Í svæðisskipulaginu er gerð grein fyrir aðilum sem þurfa að vinna með sveitarfélögunum til að markmið 4.4. nái fram að ganga. Landsnet og Vegagerðin eru nefnd en einungis minnst á vatnsveitur sveitarfélaganna. Veitur telja afar mikilvægt að alltaf sé unnið með Veitum vegna starfsemi þeirra og vatnsverndarhlutverks á höfuðborgarsvæðinu.

Í öllum aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gerð grein fyrir vatnstökusvæðum innan sveitarfélaganna og þeim reglum sem gilda um vatnsvernd og takmarkanir vegna uppbyggingar sveitarfélaganna. Aðalskipulag Reykjavíkur virðist þó eitt sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa skýr markmið um brýna hagsmuni innan vatnsverndarsvæðisins og taka skýrt undir stefnu og markmið í þessa veru sem sett eru fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Veitur telja að það væri mikill ávinningur fyrir vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu ef önnur sveitarfélög settu einnig fram sambærileg markmið í aðalskipulagsáætlanir, það muni styrkja enn frekar stoðir vatnsverndar.

Stefnumörkun sveitarfélaga um vatnsvernd og útivist í Heiðmörk

Útivistarsvæði og aðgengi að og innan opinna svæða er hluti af stefnumörkun allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Heiðmörk er innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur, Kópavogs og Garðabæjar og geymir, eins og fram kemur að ofan, vatnstökusvæði Veitna. Í umfjöllun um opin svæði í skipulagsáætlunum er Heiðmerkur einkum getið sem útivistarsvæðis en ekki sem vatnstöku- og vatnsverndarsvæðis. Umfjöllun um vatnsvernd er annars staðar. Veitur telja þetta vera áhyggjuefni því verndun vatnsbóla þarf að vera í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun, útivist er ávallt í öðru sæti.

Áherslupættir í umsögnum OR og Veitna um skipulagsáætlanir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og geiraáætlanir frá 2012-2018

Auk þess að rýna tillögur að skipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa OR og Veitur rýnt gögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda á og við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og geiraáætlanir. Helstu áherslupættir eru:

- Verndun vatnsbóla þarf að vera í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun, útivist er ávallt í öðru sæti⁴
- Ákvarðanir um landnotkun þurfa að innifela það að létta álagi á vatnsverndarsvæðum⁴
- Koma þarf í veg fyrir gegnumakstur í Heiðmörk⁴
- Frístundabyggð sé víkjandi í Heiðmörk⁴
- Suðurlandsvegur og Bláfjallavegur eru áhyggjuefni⁴
- Uppbygging skíðasvæðis og ferðaþjónustu í Bláfjöllum er áhyggjuefni⁴
- Staðsetja áningarstaði og bílastæði með tilliti til vísindalegra upplýsinga um legu grunnvatnsstrauma og skipuleggja ný bílastæði utan vatnsverndarsvæða⁴
- Nauðsynlegt að meta þann kost að hnika loftlínu eða jarðstreng fram hjá vatnsverndarsvæðum⁵
- Setja meiri kraft í rannsóknir og vöktun. Handhafar skipulagsvalds þurfa að gangast fyrir slíkum rannsóknum og eru OR og Veitur reiðubúin til þátttöku í slíkri vinnu⁴
- Samvinna milli skipulagsyfirvalda og vatnsveitna er nauðsynleg⁴
- Samtal við hagsmunaaðila er mikilvægt⁴
- Horfa þarf til framtíðar og auka vægi almenningsgangna og vistvænna ökutækja á vatnsverndarsvæðinu⁶
- Hvatt til samráðs við Sveitarfélagið Ölfus og Grindavíkurbæ vegna áhrifa framkvæmda þar á neysluvatn höfuðborgarsvæðisins⁷
- Framkvæmdaraðilar vegaf framkvæmda komi sér upp samræmdu verklagi um frágang vega sem liggja um vatnsverndarsvæði með tilliti til vatnsverndar⁸

Framkvæmdir Veitna á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Fyrirtæki innan samstæðu OR eru í mörgum tilvikum framkvæmdaraðilar á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Þær helstu eru:

- Virkiun neysluvatns í Vatnsendakrikum. Umhverfismat er í ferli hjá Skipulagsstofnun
- Lagning jarðstrengs og ljósleiðara í Bláfjöll. Framkvæmdum lýkur haustið 2018
- Varaafl fært út af brunnsvæðinu að Jaðri í Heiðmörk. Verklok 2019

⁴ Umsagnir árið 2012 og 2013 um Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, árið 2013 um Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024, árið 2014 um tillögu að endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, árið 2015 um Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, Höfuðborgarsvæðið 2040, árið 2016 um deiliskipulag Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð og árið 2018 um tillögu að deiliskipulagi Bláfjalla, skíðasvæðis í Kópavogi

⁵ Umsagnir árið 2016 og 2018 um drög að Kerfisáætlun Landsnets

⁶ Umsögn árið 2014 um tillögu að endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og árið 2015 um Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, Höfuðborgarsvæðið 2040 og árið 2018 um umhverfismat Samgönguáætlunar 2019-2033

⁷ Umsögn árið 2014 um tillögu að endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og árið 2015 um Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, Höfuðborgarsvæðið 2040

⁸ Umsögn árið 2018 um umhverfismat Samgönguáætlunar 2019-2033

- Lýsing vatns með útfjólubláu ljósi á vatnstökusvæðum til að lágmarka hættu á örverumengun. Unnið verður að uppsetningu búnaðar 2019
- Lagning loftlína í jörðu. Unnið á næstu árum
- Endurnýjun á stofnlögn vatns í Heiðmörk er á tíu ára áætlun Veitna
- Niðurrif á Jaðri í Heiðmörk bíður ákvörðunar Reykjavíkurborgar

Umsvif annarra á og við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

- Vegir í Heiðmörk
- Frístundabyggð og sala heimagistingar í Heiðmörk
- Skógrækt og útivist í Heiðmörk
- Suðurlandsvegur ofan Reykjavíkur
- Bláfjallavegur
- Norðurljósaferðir
- Háspennulínur
- Flugvöllur á Sandskeiði
- Skíðasvæði í Bláfjöllum
- Áfangastaður ferðamanna í Þríhnúkagíg
- Jarðvegslosun í Bolaöldum
- Litla Kaffistofan
- Akstursípróttasvæði við Jósepsdal
- Hellisheiðarvirkjun

Umsvif á teikniborðinu á og við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

- Endurbætur á Suðurlandsvegi ofan Reykjavíkur
- Sandskeiðslína og niðurrif á Hamraneslínu
- Aðkomuvegur, aðstaða til skoðunar og þjónustubygging við Þríhnúkagíg
- Endurnýjun og uppbygging mannvirkja skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum

Helstu verkefni hjá Veitum til að vekja athygli á og efla vatnsvernd í Heiðmörk

- Erindi sent til Borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem óskað er heimildar um stýrða lokun á vegum í Heiðmörk á veturna þegar færð er slæm, ástand vega bágborið og á næturnar
- Draga markvisst úr frístundabyggð á svæðinu með samningum við húseigendur
- Ný skilti sett upp við brunnsvæði Veitna í Heiðmörk til að vekja athygli á vatnsvernd
- Ný viðvörðunarskilti verða sett upp á Heiðmerkurvegi, Bláfjallavegi og víðs vegar í Heiðmörk til að vekja athygli fólks á vatnsverndarsvæðinu og að hringja skuli í 112 verði slys
- Ný upplýsingaskilti unnin í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur og sett á valda staði í Heiðmörk. Vakin athygli á vatnsvernd, forréttindum sem felast í hreinu vatni og hvatt til góðrar umgengni
- Fleiri eftirlitsmyndavélar settar upp á brunnsvæðum og á völdum stöðum í Heiðmörk
- Eftirlitsmaður með vatnsverndarsvæðum er kominn á vetnisbíl
- Aukið samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur og fundað a.m.k. sex sinnum á ári
- Aukið samstarf við Vegagerðina vegna Suðurlandsvegur og Bláfjallavegar
- Stefnt að því að hitta hagsmunaaðila eins og stjórnir skíðadeilda, starfsfólk Bláfjalla og ræða vatnsvernd og aukna samvinnu. Veitur hafa hitt formann skíðagöngufélagsins
- Auka vitundarvakningu um neysluvatnið í skólum og hjá almenningi

Rannsóknir á vegum Veitna og OR

Eins og fram hefur komið að ofan skortir þekkingu á grunnvatnsstraumum á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Veitur og OR hafa ákveðið að ráðast í rannsóknir til að undirbyggja betur ákvarðanir um landnotkun og vatnstöku ásamt því að tryggja gæði neysluvatns til langrar framtíðar. Þær helstu eru:

- Aukinn kraftur í mælingum og rannsóknum á grunnvatni og vatnstöku
- Greining á vatnstökumannvirkjum Veitna til að undirbúa endurbætur á borholum

- Samstarf við Hafnarfjarðarbæ um greiningu til að meta áhrif vatnstöku Veitna og Kópavogsbæjar á vatnsforða Hafnfirðinga
- Hæðar- og jarðlagalíkön til að skilja áhrif landslags og jarðlaga á grunnvatnsstrauma, yfirborðsvatn og vatnsvinnslu
- Greining á örverumengun og hvað veldur henni
- Mælingar á hita og raka í jarðvegi til að skilja betur samhengi veðurs og örverumengunar
- Örplast í neysluvatni
- Nýtt líkan til að herma olíuslys
- Þróa áfram grunnvatnslíkan til að auka þekkingu á grunnvatnsstraumum og áhrifum vatnsvinnslu
- Stýðja við rannsóknir Háskóla Íslands á úrkomu og úrkomudreifingu frá Selvogi, yfir Bláfjöll og Reykjavík til að auka skilning á áhrifum veðurs og loftslags á vatnsbúskap

Framtíðin

Sýn Veitna um hreint vatn alltaf á vatnstökusvæðum fyrirtækisins er skýr til langrar framtíðar og kallar á aukna samvinnu vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Vangaveltur innan Veitna um framtíðina hafa meðal annars verið um að:

- Mögulegt væri að koma upp verndargarði á Heiðmerkursvæðinu í samvinnu við skipulagsyfirlögd. Verndargarðurinn þarf að hafa sterka ímynd og tryggja vernd vatnsbólanna til langrar framtíðar en jafnframt skapa möguleika á vistvænni útivist sem samræmist vatnsverndinni
- Auka samvinnu vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu til að auka öryggi. Hringtenging dreifikerfa mun til dæmis auka öryggi eins og tæpur vatnsforði við nýlegan brunna í Garðabæ varpaði ljósi á
- Mögulega ætti að sameina vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu. Þannig má öðlast betri heildaryfirsýn yfir vatnstöku og áhrif hennar á sameiginlega vatnsauðlind og vatnsmiðlum. Það mun án efa vinna gegn hamlandi hagsmunaaárekstrum, skapa forsendur fyrir aukinni hagkvæmni við nýtingu auðlindar og uppbyggingu veitukerfa og stuðla að auknu rekstrar- og afhendingaöryggi á öllu höfuðborgarsvæðinu